



Gledileg jól!



Hugvekja

Skammdegið hefur tekið völdin og nú hefur runnið upp sá tími sem myrkastur er á Íslandi. Þessir dimmu dagar leggjast á sveif með áhyggjum okkar og þær geta verið fjölmargar, fjárhagsáhyggjur, ólokin verkefni eða misklið í mannlegum samskiptum. Annríki daganna veldur því að tími gefst ekki til að setjast niður og ræða málin, ekki nægilega reynt að ígrunda hvað veldur. Á mörgum vanda kunnum við heldur engin ráð. Svo er það svo oft sem við komum ekki orðum að því sem fastast leitar á hugann.

Og einmitt þegar þannig háttar til þá hefur aðventan innreið sína, "tími hefðanna" og ljósanna, og við leitum eftir því að allt sé í sínu taktbundna fari, hátíðin, hefðirnar, textarnir, söngvarnir og ilmurinn.

Aðventan kallar okkur til að safnast um ljósið og halda því á lofti og storka með því vaxandi myrkri, tendra ljós til gleði og ánægju. Á hverju heimili og í

hverju hjarta í bæn um að það megi lýsa upp líf okkar. Og boðskapur komandi jóla og allra jólahátíða fyrr og síðar er að þessi heimur er vettvangur Guðs og hann vill ganga með okkur í dag og á morgun og alla tíma. Orð og verk sonar hans Jesú Krists hafa verið vegvísir okkar á lífsins vegi öld fram af öld, styrkt okkur og nært í lífi og starfi. Með honum í för finnum við skýrast að Guð er lifandi mitt á meðal okkar og hann býður okkur fylgd sína. Á þeirri leið okkar mætir kirkjan okkur með orði Freslsarans Jesú Krists. Og hún biður okkur að missa aldrei sjónar á skapara okkar og Drottni. Hún leiðir okkur að hinum eilífa kærleika og sannleika sem er okkur vegvísir á lífsins göngu. Hún sýnir okkur hvernig framganga Frelsarans hér á jörð, er okkar fordæmi í því hvernig við getum borið hvers annars birðar, hvernig við getum elskað Guð framar öllu og náungann eins og sjálf okkur.

Góður Guð gefi að við öðlumst frið og gleði heilagra jóla. Megi friður Guðs færa okkur og fjölskyldum okkar blessun og kærleika.

Halldóra J. Þorvarðardóttir, prófastur



Frá Grunnskólanum á Hellu

Annaskipti urðu hér í Grunnskólanum á Hellu þann 19. nóvember sl. en eins og kunnugt er þá er skólaárinu hjá okkur skipt í þrjár annir. Á annaskiptum fer fram samantekt á hefðbundnu námsmati og er óhætt að segja að nemendur hafi staðið sig vel og komið vel út úr námsmatinu.

Á þessum tíma árs, þegar skammdegið er hvað dimmast er vert að benda á mikilvægi þess að bæði börn og fullorðnir noti endurskinsmerki. Þetta er hvað mikilvægast þar sem börnin okkar eiga hlut að máli. Kæru foreldrar, gerið börnin ykkar sýnileg í umferðinni og komum þannig í veg fyrir umferðarslys.

Í aðdraganda að jólum er mikið um að vera í skólanum. Skólahúsið fær sínar hefðbundnu jólaseríur og jólaljós hafa verið tendruð á nýju jólatré sem gróðursett var fyrir framan sundlaugarhúsið. Um mánaðarmótin nóvember

berdesember er nemendum boðið upp á hið margrómaða kakókot í skóladagheimilinu, en þá eru það yngstu nemendur skólans sem bjóða þangað eldri nemendum upp á jólastemmingu með kakói, piparkökum og jólasöng. Óhætt er að fullyrða að í kakókotinu er frábær stemning og í raun má segja að þar hefjist hið raunverulega jólahald í skólanum. Í byrjun desember færast skólinn smátt og smátt í jólabúning, því þá fer talsverður hluti af hinu skapandi starfi nemendanna að snúast um jólin. Undirbúningur litlu jólanna hefst þegar líða tekur á mánuðinn og er eftirtektaarvert hversu vel virkir nemendurnir eru í öllu því starfi sem fram fer í skólanum í desember.

Hið árlega skólaútlit verður starfrækt dagana 16., 17. og 18. desember, en það eru að vanda allir nemendur í 8. – 10. bekk sem annast allt starf í kringum útlitið. Er þá verið að tala jafnt um



alla tæknistjórnun og þáttagerð. Öllum nemendum skólans er gefinn kostur á að koma fram í útvarpinu nemendur 8. – 10. bekkjar sem þáttagerðarmenn og nemendur annarra bekkja sem hópar, sem kallaðir eru inn í einstaka þætti. Dagskrá skólaútlitsins verður fjölbreytt að vanda og er óhætt að segja að þátttaka í rekstri þess sé stór hluti af námi nemenda í desembermánuði. Þess má geta að skólaútlitið hefur verið starfrækt árlega frá því í desember 1987 og er þetta því í 27. skipti sem nemendur Grunnskólans á Hellu starfrækja skólaútlit fyrir jólin.

Litlu jólin verða haldin með hefðbundnu sniði þ.e. jólahátíð fyrir nemendur og foreldra verður haldin miðvikudaginn 18. desember kl 18:00 og litlujól bekkja verða haldin fimmtudaginn 19. desember. Nánari útfærslur og tímasetningar verða sendar út með tilkynningum í gegnum Mentor.

Að litlu jólunum loknum eru nemendur skólans komnir í jólafrí. Skólastarf á nýju ári hefst þriðjudaginn 7. janúar samkvæmt skóladagatali og stundaskrá.

*Sigurgeir Guðmundsson,
skólastjóri*

Frá Leikfélagi Rangæinga

Þann 2. nóvember s.l. frumsýndi Leikfélag Rangæinga gleðileikinn „Góðverkin kalla“ eftir þá félaga Ármann Guðmundsson, Sævar Sigurgeirsson og Þorgeir Tryggvason. Ármann sjálfur tók að sér leikstjórnina og fyrst honum hún afar vel úr hendi. Verkið fjallar á meinfyndinn hátt um góðgerðafélög í öfgasamkeppni, geðklofa og viðhöld af ýmsum toga.

Ákveðin tímamót voru mörkuð á þessu leikári þar sem sýnt var í Hellubíói en það hefur lengi verið draumur margra sem að leikfélaginu hafa staðið. Óhætt er að segja að vel hafi tekist til og var aðsóknin með eindæmum góð. Nú er svo komið að leikfélagið á við þann lúxusvanda að etja að hafa ekki náð að sýna nógu margar sýningar til að anna eftirspurn en verið er

að kanna möguleikann á að taka upp þráðinn og sýna nokkrar sýningar eftir áramót ef næg aðsókn verður. Mikið af nýju fólki reyndi sig hjá félaginu þetta árið, bæði á sviði og baksviði og er það sérstakt ánægjuefni því aldrei er nóg af góðum mannskap. Gott getur nú samt alltaf orðið betra og nú auglýsum við eftir sniðugu sviðsfólki, svo sem smíðum, málurum og öðru svona „fjöliðnaðarfólki“ sem er tilbúið að skemmta sér konunglega og gefa af sér vænan skammt af gleði út í litla samfélagið okkar í leiðinni.

Við í leikfélaginu þökkum öllum sem komu og sáu okkur kærlega fyrir og vonumst að sjálfsögðu eftir að sjá öll þessi andlit aftur á næsta leikári.

*F.h. Leikfélags Rangæinga
Berglind Kristinsdóttir*

*Starfsfólk Grunnskólans
á Hellu sendir ibúum
sveitarfélagsins öllum
óskir um gleðileg jól
og farsæld á nýju ári.*





KFR

Það er búið að vera mikið fjör og mikið um að vera hjá krökkunum í KFR á árinu. Við vorum með lið í öllum flokkum frá 7. til 2. flokks í samstarfi við ÍBV. Meðal verkefna sem við tókum þátt í voru Norðurálsmótið þar sem við fengum þrjá bikara, lékum þrjá úrslitaleiki á Shellmótinu, spiluðum til úrslita á N1 mótinu með eitt liðið og unnum tvo bikara á Síamótinu. Auk þess spiluðu 3. og 4. flokkur á Íslandsmótinu og stóðu sig mjög vel. Af þessari upptalningu má sjá að iðkendur KFR hafa staðið sig mjög vel og hafa krakkarnir öll fengið verkefni við hæfi í samstarfinu við ÍBV.

Meistaraflokkurinn náði einnig frábærum árangri í sumar. Þeir lentu í

þriðja sæti í þriðju deild. Mest allt liðið er byggt upp af heimamönnum og er það til marks um hversu gott starf er unnið hjá félaginu bæði í barna- og unglingastarfinu en ekki síður hjá meistaraflokknum þar sem umgjörðin og utanumhaldið er mjög gott.

En það eru ekki aðeins núverandi leikmenn KFR sem hafa staðið sig vel í sumar heldur einnig fyrrverandi leik-



menn sem nú leika með öðrum liðum í Pepsi-deild kvenna og eigum við núna 6-7 leikmenn sem eru í landsliðum Íslands. Þar á meðal eru þær vinkonur

Karítas Tómasdóttir sem hefur blómstrað í sumar og Dagný Brynjarsdóttir sem var lykilmaður í kvennalandsliðinu á EM í sumar.

En allt starf KFR væri ómögulegt án öflugra foreldra. Ég vil að lokum þakka öllum þeim foreldrum og forráðamönnum sem hjálpuðu okkur á árinu, kærar þakkir.

Fyrir hönd KFR, Ólafur Örn Oddsson.

Frá Þjónustumiðstöð Rangárþings ytra

Starfsemi Þjónustumiðstöðvar hefur verið með hefðbundnum hætti á árinu 2013.

Fjöldmörg verkefni heyrast undir Þjónustumiðstöðina s.s. nýframkvæmdir og viðhald á eignum sveitarfélagsins, húseignum jafnt og gatnafráveitu-, vatnsveitukerfum. Umhverfismál, hreinlætismál og svo mætti áfram telja.

Af framkvæmdum ársins bera hæst, endurbætur í og við íþróttamiðstöðina, grunnskólann og leikskólann á Hellu auk umtalsverðra framkvæmda við styrkingu vatnsveitukerfisins í dreifbýlinu.

Ný hótélbygging sem rís þessa dagana á Gaddstöðum og ráðgert er að taki til starfa með vorinu 2014, hefur einnig kallað á nýframkvæmdir af hálfu sveitarfélagsins einkum hvað varðar gatnagerð, vatnsveitu og fráveitu.

Jólaskreytingarnar eru að venju komnar á sinn stað og vonum við að þær ásamt með fjölbreyttum skreytingum fyrirtækja og einstaklinga veiti íbúum sveitarfélagsins gleði og ánægju yfir hátíðirnar sem nú fara í hönd. Starfsmenn Þjónustumiðstöðvar þakka samstarfsaðilum nær og fjær ánægjulegt samstarf á liðandi ári og óska öllum farsæls nýs árs.

*Bjarni Jón Matthíasson
forstöðumaður
Þjónustumiðstöðvar.*



Hjúkrunar- og dvalarheimili

Hjúkrunar- og dvalarheimilið Lundur

Núna í nóvember voru 36 ár liðin síðan dvalarheimilið Lundur hóf starfsemi sína en fyrsti íbúinn flutti á Lund í nóvember 1977. Veruleg þörf er á endurnýjun fyrstu herbergjanna og síðustu ár hafa eitt til tvö herbergi verið endurnýjuð á ári. Hjúkrunardeildin verður 20 ára gömul á næsta ári en á henni eru sex tvíbýli sem til stendur að hætta með sem slík. Það er von okkar að við getum fagnað 20 ára starfi hjúkrunardeildarinnar á Lundi með því að taka fyrstu skóflustungu af viðbyggingu sem nú þegar hefur fengist töluvert fjármagn í frá Framkvæmdasjóði aldraðra og vinna er í gangi við loka fjármögnun verksins. Ný deild mun vera með 8 eins manns herbergi og með tilkomu hennar verður allur aðbúnaður íbúa til fyrirmyndar. Lundur hefur alla tíð

notið góðs af styrkjum og gjöfum frá félagasamtökum sem hafa gefið bæði húsmuni og hjúkrunartæki. Það verður seint nægjanlega þakkað fyrir þær góðu gjafir sem Lundur hefur fengið í gegnum tíðina. Nú er svo komið að það þarf að endurnýja allar rúmdýnur og rúmbúnað og vonandi næst það á nýju ári með velvild og aðstoð félagsamtaka og fyrirtækja. Desember er einstaklega viðburðarríkur á Lundi en þá fáum við góðar heimsóknir m.a. frá Lions mönnum, kvenfélögum og tónlistarskóla Rangæinga.

Með kærri jólakveðju og þakklæti fyrir velvild í garð Lundar.

*Margrét Ýrr Sigurgeirsdóttir,
hjúkrunarforstjóri*



**Kvenfélagið Unnur
heldur sitt árlega jólaball,
laugardaginn
28. desember n.k.
kl. 14.00 í safnaðarheimilinu
á Hellu.**

Jón Bjarnason heldur uppi jólastemningu og svo koma jólasveinar með óvæntan glaðning. Börn og fullorðnir hvattir til að mæta og gera sér glaðan dag saman.

*Enginn
aðgangseyrir
og allir
hjartanlega
velkomnir!*

Frá félagsmiðstöðinni á Hellu í desember 2013

Félagsmiðstöðin á Hellu var sett undir merki Grunnskólans á Hellu haustið 2010. Við þá ráðstöfun dróst starfsemin talsvert saman miðað við það sem áður hafði verið. Starfsemin færðist þá inn í skólann og varð um leið samtvinnuð hefðbundnu félagsstarfi í skólanum. Framan af gekk þetta ágætlega og virtist ríkja almenn ánægja



með þessa ráðstöfun. Eftir því sem tím-inn leið kom í ljós að börnin höfðu þörf fyrir fjölbreyttara félagsstarf en skólinn gat boðið uppá og fram komu væntingar um að félagsmiðstöðin fengi heppilegra og skemmtilegra húsnæði en það sem grunnskólinn gat boðið upp á. Félagsstarf í skólastofum var einfaldlega ekki að ganga upp til lengdar.

Núna í haust fannst lausn á þessu og fékk félagsmiðstöðin til afnota hluta af því húsnæði sem hún hafði haft á árum áður þ.e. í kjallaranum á Suðurlandsvegi 3. Félagsmiðstöðin er þó áfram rekin í nánú samstarfi við Grunnskólann á Hellu, sem hefur ýmsa kosti í för með sér og fer samvinna vel af stað á yfirstandandi vetri. Til þess að halda um stjórnartaumana í félagsmiðstöðinni var Ómar Diðriksson tónlistarmaður ráðinn og vann hann að undirbúningi ásamt unglingum grunnskólans. Þó svo að starfsemin hafi verið komin af stað í félagsmiðstöðinni fyrir nokkrum vikum, þá var hún formlega opnuð miðvikudaginn 27. nóvember að viðstöddu fjölmenni.

Ýmislegt er á dagskrá félagsmiðstöðvarinnar í vetur umfram það hefð-

bundna starf sem þar er að þróast. Í þessu sambandi má nefna að hópur stúlkna tók þátt í hönnunarkeppni félagsmiðstöðva á landsvísu sem nefnist „Stíll 2013“ en hún var að þessu sinni haldin í Hörpu fyrir stuttu. Í keppninni tóku þátt á milli 50 og 60 félagsmiðstöðvar. Keppt var í hárgreiðslu, fördun og fatahönnun og var þemað að þessu sinni fortíðin. Það verður að teljast glæsilegur árangur hjá stelpunum okkar að ná þriðja sæti í keppninni. Þess má geta að hópurinn starfaði undir stjórn Þórhöllu textilkennara.

Ráðgert er að félagsmiðstöðin taki þátt í „Samsuð“ og „Samfés“ sem eru sameiginlegar uppákomur þar sem fram fara söngvakeppnir o.fl. Núna í desember hafa fulltrúar félagsmiðstöðvarinnar séð um tveggja klukkustunda þátt á útvarpsstöðinni Suðurland FM og er óhætt að segja að hópurinn fékk mikið lof fyrir þáttinn og ummælin voru á þá leið að þessi þáttur hafi verið með því allra besta sem ungumenni hafi komið með í þessa útvarpsstöð. Unnið er að því að þátturinn verði aðgengilegur á netinu.

Félagsmiðstöðin mun verða áfram í nánú samstarfi grunnskóla sveitarfélagsins og er markmiðið að gera gott



félagsstarf betra og að gera frábæra unglunga ennþá frábærari.

Íþróttamiðstöðin á Hellu

Breyting og lagfæring á búningsklefum.

Aðalbreytingarnar inni felast í því að sturtuaðstaða er aukin og endurbætt, sturtum fjölgar um helming í hvorum klefa.

Saunabað og allar lagnir bæði vatns- og frárennslislagnir eru endurnýjaðar, sömuleiðis gólf og veggir.

Aðkomusvæði sundlaugarinnar er breytt og hellulagnir endurnýjaðar með snjóbræðslu.

Nýjar rafdrifnar útihurðir hafa verið settar upp.

Þórhallur Svavarsson, forstöðumaður

Flugbjörgunarsveitin Hellu



Um leið og við viljum óska íbúum Rangárfings ytra, Ásahrepps sem og öðrum landsmönnum gleðilegra jóla og farsældar á komandi ári, þá langar okkur að minna á brennuna og flugeldasölu okkar sem er ein af okkar aðalfjáröflunum og gerir okkur kleift að vera sú öfluga björgunarsveit sem við erum og íbúar geta verið stoltir af.

Líkt og áður þá verður lagt af stað á brennuna frá húsnæði Flugbjörgunarsveitarinnar á Hellu kl. 16:45 og gengið í blysför niður á Gaddstaðaflatir þar sem kveikt verður í brennunni kl. 17:00.

Flugeldasala F.B.S.H. fer fram dagana 28. – 31. Desember í húsnæði sveitarinnar að Dynskálum 34 og eru opnunartímar sem hér segir:

28. des. 10:00 – 22:00

29. des. 10:00 – 22:00

30. des. 10:00 – 22:00

31. des. 09:00 – 16:00

Við hvetjum foreldra til að nota ávallt hlífðargleraugu á sig og börn sín þegar verið er að skjóta upp flugeldum og verum börnum okkar góðar fyrirmyndir og eigum slysalaus áramót.

Svanur Lárusson, formaður F.B.S.H.





Leikskólinn Heklukot



Leikskólinn Heklukot bættist í hóp heilsuleikskólanna laugardaginn 25. maí 2013.

Þegar leikskóli hefur tekið ákvörðun um að vinna eftir heilsustefnunni setur hann sig í samband við formann Samtaka heilsuleikskóla. Leikskólinn þarf að uppfylla ákveðin markmið heilsuleikskóla. Þegar þeim er náð fær leikskólinn starfsleyfi sem heilsuleikskóli og er veitt með viðurkenningu og heilsufána. Heildarsýn skólans þarf að miðast við heilsuefningu í hvívetna. Kennarar í heilsuleikskóla verða að gera sér grein fyrir mikilvægi uppeldis-hlutverksins og tileinka sér jákvætt viðhorf gagnvart heilbrigðum lífsstíl.

Leikskólinn starfar einnig sem „skóli á grænni grein“ og því er nóg að gera í umhverfisnefndinni.

Okkur bárust sorglegar fréttir frá ná-

grönnum okkar í Grænlandi. Þar brann tónlistarskólinn í Kulusuk til grunna. Okkur langaði að bregðast við með einhverjum hætti og því var sett af stað



Starfsdagur á Heklukoti með foreldrum.

söfnun og skilaði sú söfnun 12.201 kr. sem var svo sent til Grænlands. Pólfarinn hún Vilborg kom og heilsaði upp á umhverfisnefndina og sagði þeim frá

göngunni á Suðurláti. Hún sagði þeim einnig frá framtíðarplönum sínum og hvernig gott væri að setja sér markmið og vinna svo hægt og rólega að því að ná markmiðum sínum.

Farið var af stað með samfélagslegt þróunarverkefni og koma upp ögrandi og náttúrulegu leiksvæði á leikskólalóðinni. Haldin var kynningarfundur þann 17. september og tóku foreldrar og starfsfólk vel í þessa hugmynd. Fyrir þá sem hafa áhuga þá er hægt að kynna sér náttúruleg leiksvæði á heimasíðu Sage gardens. Sam-eiginlegur vinnudagur fyrir börn, foreldra og starfsfólk var þann 19. október. Þá var komið upp hugmyndasmiðjum þar sem allir fengu að leggja fram hugmyndir að sínum draumagarði.

Þetta þróunarverkefni okkar með breytingu á garðinum mun lita starf okkar á Heklukoti næsta árið.

*Kærar kveðjur,
Þórunn Ósk Þórarinsdóttir,
leikskólastjóri*



Frétt frá Leikskólanum Laugalandi



Leikskólastarf á Leikskólanum Laugalandi hefur verið einstaklega skemmtilegt nú í haust. Innra starfið var stokkað upp að hluta og farið var í gang með þróunarverkefni í byrjun september sem hefur gengið mjög vel. Helstu áherslur í þróun starfsins gengur út á námsmat barnanna, tækni og ART kennslu og aukið lýðræði barna. Nú eru

þessa þætti næst betri og varanlegri árangur jákvæðrar hegðunar.

Í lok nóvember og í desember er áhersla lögð á undirbúning jólaanna í leikskólanum. Börnin gera jólagjafir, jólapappír og kort og föndra ýmislegt er tengist jölunum. Leik-sýningin „Grýla og jóla-sveinarnir“ var hjá okkur



nær allir starfsmenn orðnir ART þjálfarar en í ART námsefni er unnið sérstaklega með félagslega þætti barnanna, sjálfstjórn og siðferðisvitund. Rannsóknir sýna það að vinna samhliða með

í lok nóvember í boði foreldrafélagsins og buðum við þá yngstu bekkjum grunnskólans að vera með okkur. Í desember er tveimur elstu árgöngum leikskólans boðið að koma að Skeiðvöllum. Þar verður börnunum boðið uppá hestamennsku, jólaveitingar og föndur. Börnin munu baka piparkökur og bjóða foreldrum í „piparkökukaffi“. Jólaball verður haldið að venju og munu börnin þá sýna helgileik og á eftir honum verður dansað í kringum jólatréð við undirleik eins



Eldgos í vinnuvalstund



Slakað á milli verkefna

foreldris. Seinna í desember er leikskólabörnunum boðið að taka þátt í að velja jólatré úti í skógi sem notað er á jólaskekkjunum grunnskólans sem þeim er einnig boðið á. Þrátt fyrir miklar annir í þessum mánuði reynum við að skapa rólega og afslappaða stemningu með börnunum.

*Sigrún Benediktsdóttir,
leikskólastjóri*



Dagur íslenskrar tungu

Í ár bar dag íslenskrar tungu upp á laugardaginn 16. nóvember. Í tilefni þess hittust allir nemendur og starfsfólk skólans í matsalnum og sungu saman nokkur lög. Í hádeginu stigu svo nemendur í tónlistarvalinu, undir stjórn Stefáns Þorleifssonar, á

stokk og spiluðu og sungu nokkur lög fyrir starfsfólk og aðra nemendur skólans. Mæltist þessi dagskrá vel fyrir hjá nemendum sem og starfsfólki. Það er gaman að geta brugðið út af venjunni með jafn ánægjulegum hætti.

Sigurjón Bjarnason, skólastjóri



UMF Hekla

Mikið og fjölbreytt starf hefur verið í gangi hjá UMF Heklu í vetur. Óvenju vel hefur gengið að fá þjálfara til starfa og eru þeir að mestu leiti af heimaslóðum, en einnig eru hjá okkar þjálfarar frá Selfossi og Hvolsvelli. Eftirfarandi íþróttagreinar eru á dagskrá hjá félaginu í haust: Fimleikar, blak, sund, hreysti, frjálsar íþróttir, körfubolti, handbolti, taekwondo og borðtennis. Krakkarnir hafa verið dugleg að mæta á mót í haust þar sem náðst hefur finnið árangur. Félagið stóð fyrir grunnskólamóti í borðtennis í samstarfi við Dímon í íþróttahúsinu á

Hellu. Einnig stóð félagið fyrir Rangæingamóti í skák í Grunnskólanum á Hellu. UMF Hekla tók þátt í tveimur héraðsmótum HSK í nóvember, skák á Selfossi og í borðtennis á Hvolsvelli.

Í haust gerðu UMF Hekla og Rangárþing ytra með sér samstarfssamning

þar sem félagið tók að sér að sjá um ýmis verkefni. Stærsta verkefnið er að halda utanum og sjá um samféllu í íþróttastarfi í samstarfi við Grunnskólann á Hellu.

UMF Hekla hefur síðustu mánuði verið að vinna að gerð heimasíðu og er sú vinna langt komin og langar okkur að hvetja ykkur til þess að skoða síðuna. Þar eru upplýsingar um félagið og það starf sem er í gangi innan þess. Slóðin er <http://umfhekla.is>.

Á hverju ári hefur UMF Hekla gefið krökkum í fyrsta bekk stuttermabol



með félagsmerkinu á og það hefur verið mikil ánægja með bolina. Þessa boli hefur verktakafyrirtækið Þjótandi á Hellu gefið félaginu. Á meðfylgjandi mynd sjáum við börnin eftir að hafa fengið bolinn.

Guðmundur Jónasson, formaður



Jóladagskrá Laugalandsskóla



Föndurdagur

Föndurdagurinn verður mánudaginn 16. des. Þá föndrum við og skerum út laufabrauð. Gott er að nemendur taki með sér skæri, laufabrauðshníf og ílát undir laufabrauðið. **Við bjóðum foreldra og forráðamenn barna í 1. til 4. bekk velkomna í skólann þennan dag** einhvern tíma frá kl. 09:10 - 11:10 til að taka þátt í föndrinu með sínum börnum.

Æfingadagur

Þriðjudaginn 17. des. er æfingadagur. Þann dag eru lokaæfingar fyrir litlu jólin, jafnframt skreyta nemendur kennslustofur sínar og þá eru síðustu forvöð að setja jólakortin í skólápóstkassann.

Generalprufa

Miðvikudaginn 18. des. verður jólahlaðborð og generalprufa litlu jólnanna.

Litlu jólin

Fimmtudaginn 19. des. höldum við okkar hefðbundnu litlu jól frá kl. 09:30-12:20. Þá bjóðum við öllum að koma og sjá leikrit, söngva og annað sem við höfum æft og gleðjumst saman. Að venju aka skólabílarnir nemendum til og frá skóla.

Kl. 09:40-10:30 verða nemendur í stofum sínum með umsjónarkennurum og skiptast á jólakortum og fá einkunnir.

Kl. 10:40 **mæta foreldrar og aðstandendur því þá hefst jóla- og skemmtidagskrá nemenda.** Frá kl. 11:40-12:20 verður dansað í kringum jólatréð og jólafrí hefst svo að loknum litlu-jólnum.

Kennsla hefst á nýju ári mánudaginn 6. janúar kl. 10:00.